

Nd.

782. Nefndarálit

i málinu um frestun tollgreiðslu (651).

Nefndin hefir ihugað þetta mál, og að visu ekki getað orðið öll sam-
mála. Meiri hluti nefndarinnar vill þó, eins og nú horfir, ráða deildinni til,
að fallast á frumv.

Að visu þykjast sumir af oss sjá, að ein afleiðing laganna verði sú,
að auka kaup brendra drykkja um stund. En eins og hag landssjóðs horfir,
þykir það þó ekki svo ísjárvert, sem ella mundi, þar sem mikið af kaupunum
mundi verða til útlendinga; en hitt óefað, að landssjóði mundu aukast að mun
tekjur, þar sem áfengissalar hefðu bolmagn til, að birgja sig betur upp, er
tollfrestur væri lengri, og þyrftu heldur ekki að hækka verð vörunnar eins
mikið og ella.

Það mun og vera sanngjarnt gagnvart vorum efnaminni vinsölum, að
veita tollfrest þennan, þar sem þeir efnameiri mundu ella geta birgt sig mun-
um meira og þannig haft hag af því, að fylla það skarð, er í yrði við efna-
skort hinna efnaminni áfengissala.

Það er því tillaga vor, að deildin samþykki frumv. óbreytt.

Neðri deild alþingis, 26. apríl 1911.

Björn Kristjánsson
formaður.

Jón Ólafsson
framsögum.

Þorleifur Jónsson.

Legg til að frv. sé felt.

Jón Jónsson S.-M.

Eg legg til að frumv. sé felt.

Björn Þorláksson.